

STAÐARREGLUR Á URRÍÐAVELLI

Sérreglur vegna Covid

- **Flaggstöng (Covid-19 frávik)** Óheimilt er að snerta flaggstöngina eða fjarlægja hana úr holunni. Ef flaggstöngin er snert fyrir slysni er það vítalaut.
- **Bolti í holu (Covid-19 frávik)** Við þær aðstæður þar sem holan er fódruð að innan, t.d. með svamphólk, og boltinn er í holunni, en ekki allur undir yfirborði flatarinnar þá er hann í **holu**. Meiri líkur en minni eru að hann hvíli upp við flaggstöngina og þá gildir regla 13.2c.
- **Bætt lega í glompu, færa um lengd kylfugrips (Covid-19 frávik)** Þar sem hrifur hafa verið fjarlægðar úr glompu og ástand hennar er mjög ójafnt þá má leikmaður taka vítalausa lausn einu sinni áður en höggið er slegið, með því að leggja upphaflega boltann innan lausnarsvæðis og leika honum þaðan. **Viðmiðunarstaður:** Staðurinn þar sem boltinn liggur (sjá reglu 14.1) **Stærð lausnarsvæðis,** mæld frá viðmiðunarstað: lengd kylfugrips (ekki púttar) frá viðmiðunarstað, en með eftirfarandi takmörkunum: **Takmörk á staðsetningu lausnarsvæðis.** Það má ekki vera nær holunni en viðmiðunarstaðurinn, og það verður að vera í glompunni. Þegar farið er eftir þessari staðarreglu verður leikmaðurinn að velja stað til að leggja boltann og fara eftir aðferðum við að leggja bolta aftur samkvæmt reglu 14.2b(2) og 14.2e. **Víti fyrir að leika bolta á röngum stað í bága við staðarregluna: Almennt víti samkvæmt reglu 14.7a.**

Leyfðar eru færslur á braut um kylfulengd

1. Vallarmörk (regla 2.1).

Vallarmarkarhlutir eru hvítar stikur og girðingar umhverfis völinn sem teljast varanlega fastar.

Bolti er útaf:

- a) Ef hann stöðvast í golfskála, stétt við hann, á bílastæði eða æfingafliotum.
- b) Við leik á 1. holu, ef hann stöðvast vinstra megin við hvítar vallamarkastikur.

2. Staða hluta.

- a) Óhreyfanlegar hindranir eru allar fjarlægðamerkingar, hleðslustöðvar fyrir slátturóbóta, bekkir, ruslatunnur, teigmerkingar, þvottastandar, ræsi og fastir hlutar vökvunarkerfis ásamt jarðföstum steinum á snöggslegnu svæði.
- b) Hreyfanlegar hindranir eru rauðar og bláar stikur ásamt grænum umferðahælum og köðlum.

3. Slegið í rafmagnslínu (Regla 14.6).

Ef bolti er sleginn í rafmagnslínu skal höggið endurtekið vítislaust frá þeim stað sem upphaflega höggið var slegið.

4. Vítasvæði.

Rauð vítasvæði eru allt hraun við 3. 4. 7. 8. 14. 15. 16. og 17. holu. Mörk vítasvæðana framlengjast óendanlega handan marka sem eru ímynduð lína sem fylgir jaðri reglulega slegins svæðis næst hrauni og jaðri stíga sem liggja að þeim.

5. Fallreitir. (DZ) viðbótarkostur

- a) Vinstra megin við flötina á 6. holu er fallreitir vegna lausnar frá þjónustuvegi aftan við flötina.
- b) Framan við 15. teig er fallreitir vegna lausnar frá vítasvæði þegar 15. hola er leikin.

6. Bolti á hreyfingu hittir hlut (slátturóbóta) af slysni.

- a) Leika þarf boltanum þar sem hann liggur, nema ef boltinn stöðvast á róbótanum, sbr. undantekningu 1 við reglu 11.1b. Bolti stöðvast á hlut á hreyfingu.
- b) Ef róbóti skemmir kyrrstæðan bolta í leik gildir regla 4.2c. Leikmaðurinn má þá skipta um bolta ef boltinn er skorinn eða sprunginn.
- c) Hafi boltinn færst úr stað gildir regla 9.6 og leggja þarf boltann á upphaflegan stað.
- d) Ef boltinn brotnar við að lenda í róbóta eftir högg gildir regla 4.2b. höggið gildir ekki og leika verður öðrum bolta þaðan sem fyrra högg var slegið.

7. Grund í aðgerð (Regla 16.1)

Nýlagt torf er grund í aðgerð

8. Viðbótarlausn ef bolti er týndur eða útaf.



Dragðu línu sem liggur frá holu í gegnum stað "A" þar sem bolti er líklegast týndur eða fór útaf og línu frá holu dregin í brautarjaðar í gegnum punkt "B" (A og B eru jafn langt frá holu). Boltan má láta falla á skyggða svæðið "C" sem þannig myndast eða allt að tvær kylfulengdir utan við það sbr. mynd, **gegn tveimur vítahöggum**.

Undantekning: Þessa reglu má ekki nota ef bolti finnst á vellinum er týndur í vítasvæði eða ef varabolta er leikið.

Að öðru leyti skal leika samkvæmt golfreglum "Rules of golf as approved by R&A Limited and The United States Golf Association".

Víti fyrir brot á staðarreglu: Almennt víti: 2 högg í högggleik og holutap í holukeppni

ZO•ON OPEN 2021

Keppnisreglur og skilmálar.

Vinsamlegast munið eftir almennum tilmælum vegna covid 19

Teiggjöf frá ZO•ON - Matur og KALDI í boði ZO-ON

Keppt er í eftirfarandi flokkum.

Högggleikur án forgjafar:

1. sæti í högggleik án forgjafar: 50.000 kr. gjafabréf frá ZO-ON
2. sæti í högggleik án forgjafar: 20.000 kr. gjafabréf frá ZO-ON
3. sæti í högggleik án forgjafar: 10.000 kr. gjafabréf frá ZO-ON

Punktakeppni með forgjöf.

1. sæti í punktakeppni með forgjöf: 50.000 kr. gjafabréf frá ZO-ON
2. sæti í punktakeppni með forgjöf: 20.000 kr. gjafabréf frá ZO-ON
3. sæti í punktakeppni með forgjöf: 10.000 kr. gjafabréf frá ZO-ON

Auka/Vinningaskrá:

2. **braut:** Næst/ur holi í tveimur: *Gisting fyrir tvo ásamt morgunverði á Northern Light Inn verðmæti 55.000-*
3. **braut:** Lengsta teighögg: *Út að borða fyrir tvo verðmæti 20.000-*
6. **braut:** Næst/ur holi í tveimur: *Út að borða fyrir tvo verðmæti 20.000-*
8. **braut:** Næst/ur holi: *Dúnúlpá frá ZO-ON að verðmæti 60.000-*
9. **braut:** Lengsta teighögg kvk: *Dömuúr frá Leonard að verðmæti 50.000-*
10. **braut:** Lengsta teighögg kk: *Herraúr frá Leonard að verðmæti 50.000-*
11. **braut:** Næst/ur miðlínu: *Ferða taska frá ZO-ON að verðmæti 20.000-*
13. **braut:** Næst/ur holi: *Orri dúnúlpá frá ZO-ON að verðmæti 80.000-*
18. **braut:** Næst/ur miðlínu: *Helgarleiga á bíl frá AVIS verðmæti 30.000-*

Keppendur geta ekki tekið verðlaun í nema einum flokki, högggleikur ræður röð.

Varðandi önnur verðlaun eru almennar reglur á Urriðavelli þannig:

Lengsta teighögg: Höggið skal alltaf vera á snöggslegnu svæði þ.e. á braut á þeirri holi sem keppt er um þau verðlaun.

Næst holi: Ekki þarf að vera með boltann á flöt þegar mælt er. Sá keppandi sem á högg næst holi fær þau verðlaun, högg sem er ofan í holi telst næst holunni. Ef keppt er um nándarverðlaun í 2 eða fleiri höggum gildir það sama, sá sem t.d. setur ofan í holi í öðru höggi þar sem veitt eru verðlaun fyrir næst í tveimur höggum telst næstur holi.

Séu fleiri en einn keppandi með sama árangur t.d. næst holi skal varpa hlutkesti um hvor fær verðlaun fyrir þann árangur. Þetta á þá við um allar mælingar og annað sem boðið er upp á t.d. næst miðlínu, hitt flöt, fugl/örn/albatross eða hola í höggi, nema annað sé sérstaklega tekið fram í keppnisskilmálum. Sé keppni á vegum GO í gangi og engir sérstakir keppnisskilmálar auglýstir gilda ofangreindar reglur. Golfklúbburinn Oddur er undanskilinn ábyrgð á þeim reglum og keppnisskilmálum eða skilgreiningum sem fyrirtæki setja sér varðandi úrskurði eða fyrirkomulag í boðsmótum á Urriðavelli.

Mótanefnd GO

Dregið verður úr skorkortum

3 X Helgarleiga á bíl frá AVIS verðmæti 30.000- (hver vinningur) - Hvala sigling fyrir 4 verðmæti 25.000-

Kerrur og golfbílar:

1: Það er bannað að fara með golfkerrur upp á teiga.

2: Það er bannað að fara með golfkerrur og golfbíla á milli flatar og glompu.

3: Golfbíla skal keyra á stígum á par 3 brautum.

Leikhraði: Hámarkstími til að ljúka leik er 4 klst. og 30 mínútur.

Vinsamlegast kynnið ykkur keppnis og staðarreglur áður en þið hefjið leik!

Farsímanotkun er bönnuð nema til fjærlægðarmælinga og til að hringja í dómara.

Dómari: Ottó Bjartmarz – 865-7377

Aðstoðardómari – Þórður Ingason -825-2878

Mótsstjóri: Svavar Geir Svavarsson 821-5401

Eftirlit og vallaraðstoð: Baldur Hólmsteinsson.